



EFTIRLITSSKÝRSLA

URÐUNARSTAÐUR ÚRGANGS Í TJARNARLANDI, FLJÓTSDALSHÉRAÐI

Dagsetning 29. maí 2012

Fyrirtæki Fljótsdalshérað,
sorpurðunarstaður í Tjarnarlandi

Heimilisfang Lyngás 12,
700 Egilsstaðir

Kennitala 481004-3220

Isat nr.

Starfsemi Urðun úrgangs

Fulltrúi HAUST f.h. UST: [Helga Hreinsdóttir](#)

Starfsleyfi, gildir til. Undanþága frá starfsleyfi var gefin út af Umhverfissráðuneyti 27.6.2011. Undanþága gildir til 1.3.2013. Miðað er við starfsleyfi frá árinu 2001.

Tegund eftirlits Reglubundið

Fulltrúar fyrirtækis [Freyr Ævarsson](#)

Staðsetning starfstöðvar (hnit): Hnit: 65° 27,537'N, 14° 20,366'W (ISN93: 715.877, 559.128)

Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi fyrir starfsemina og fer með beitingu þvingunarúrræða en hefur falið HAUST að viðhafa eftirlit með starfseminni með sérstökum samningi þar um.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Urðunarstaðurinn var hreinlegur, ekki sást til vargfugls og mjög lítið af fokefni á svæðinu. Tvö frávik frá starfsleyfi voru skráð og jafnmargar athugasemdir.

UMFANG EFTIRLITS

Ekið var og gengið um urðunarstaðinn og ásýnd hans skoðuð. Í eftirlitsferðinni var einnig tekið sýni af fráveituvatni úr nýlega útbúinni sýnatökuaðstöðu, þar sem einnig er hægt að áætla rennsli vatns.

FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Við innkomu inn á svæðið var rúlluhlið til að varna fé inngöngu á urðunarsvæðið. Við hlið rúlluhliðsins var ógirt bil. Ekki var læsanlegt hlið til að varna fólki eða vegfarendum aðgang inn á svæðið.

Frávik frá:

Í starfsleyfi urðunarstaðarins frá árinu 2011 segir í grein 3.1:

Allt athafnasvæðið skal vera afgirt með girðingu, sem hindrar umferð manna og skepna. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingum. Hollustuvernd ríkisins og/eða Heilbrigðisnefnd Austurlands getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum, girðingum og mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Koma skal í veg fyrir fok á urðunarsvæðinu og nota sérstakar girðingar í því skyni, ef þörf krefur að mati eftirlitsaðila. Rusl sem hefur fokið skal urða á sama stað og annar úrgangur er urðaður. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðslutíma.

Frávik 2:

Urðað er í tvær reinar, annars vegar grófur úrgangur og hins vegar heimilisúrgangur. Heimilisúrgangur var ekki sýnilegur, en grófur úrgangur hafði ekki verið þakinn.

Frávik frá:

Grein 3.8 í starfsleyfi: Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal birgður samdægurs. Ábending er um að leggja net yfir úrgang sem ekki næst að urða í lok dags.

Athugasemd 1:

Lítilsháttar af fokefnum var á svæðinu. Rekstaraðili tók fram að upphreinsun, n.k. vortiltekt, færi fram á næstu dögum.

Athugasemd 2:

Í starfsleyfi segir eftirfarandi í gr. 1.10:

Rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið og starfi samkvæmt þeim á starfsleyfistímabilinu. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Rekstaraðili hefur ekki sett staðnum umhverfismarkmið, en gert er ráð fyrir að það verði gert sem hluti af undirbúningsvinnu fyrir nýtt starfsleyfi.

Önnur atriði:

Farið var yfir ýmis atriði í starfsleyfi og öðrum kröfum með fulltrúa rekstaraðila. Eftirfarandi kom m.a. fram:

Urðunarstaðurinn er rekinn á undanþágu frá Umhverfissráðuneyti. Undanþága ráðuneytis dags. 27.6.2011 var veitt með eftirfarandi skilyrðum. Í bláu letri eru aths. eftirlitsaðila um hvern lið.

1. Starfsleyfistrygging sbr. 17.gr. reglugerðar 739/2003 um urðun úrgangs skal lögð fram til UST fyrir 1.9.2011.
[LOKID](#)
2. Þegar skal hefja vinnu til að tryggja að svæðið uppfylli kröfur viðeigandi laga og reglugerða þ.á m. reglugerð um urðun úrgangs m.a. hvað varðar botnþéttingu og skal því að fullu lokið eigi síðar en 1.1.2013
[Unnið er að úrbótum á svæðinu skv. ofangreindu.](#)
3. Sækja skal um starfsleyfi til UST með fullnægjandi gögnum eigi síðar en 1.1.2012
[Frestur fékkst til 1.4.2012, skv. bréfi Umhverfissráðuneytis dags. 16.1.2012. Síðan var enn sótt um framlengingu með bréfi dags. 13.2.2012 og beðið um undanþágu til 1.7.2012. Svar hefur ekki borist þegar þetta er ritað.](#)
4. Upplýsa skal UST og HAUST reglulega um stöðu og framgang vinnu við svæðið, í fyrsta sinn fyrir 15.9.2011
[Framvinduskýrsla 01 var send aðilum og er dagsett 12.9.2011](#)
[Annað sem unnið hefur verið af formlegum gögnum og sent til Heilbrigðiseftirlits: 8.3. 2012](#) [Deiliskipulag – greinargerð og umhverfisskýrsla. tillaga fyrir urðunarsvæðið í Tjarnarlandi lögð fram af Mannviti](#)

Apríl 2012	Tillaga að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum unnin af Verkís
23.5.2012	Skipulagsstofnun svarar tillögu Verkís að matsáætlun
31.5.2012	Skýrsla Verkís um jarðgrunnskönnun sem unnin var 25.5.2012

Varðandi kröfur um hauggassöfnun er beðið úrskurðar Umhverfisráðuneytis um hvernig fara skuli með gassöfnun frá urðunarstöðum þar sem ekki er um vinnanlegt magn að ræða.

Varðandi áhættumat og viðbragðsáætlanir þá er unnið að hvoru tveggja í tengslum við umsókn um nýtt starfsleyfi.

Skv. gr. 4,6 skal skrá og senda UST og HAUST upplýsingar um nokkur atriði:

- Magn og tegundir úrgangs sem hafa verið urðuð. Eftirfarnandi magnupplýsingar fyrir árið 2011 bárust í tölvupósti:

Almennur úrgangur	970.865 kg
Litað timbur	69.340 kg
Gler og postulín	180 kg
Grófur úrgangur	3.520 kg
Samtals:	1.043.905 kg
- Sýnatökur og mælingar
Niðurstöður sýnatöku á árinu 2011 hafa verið sendar. Niðurstöður sýna sem tekin voru í eftirlitsferðinni verða sendar um leið og þær liggja fyrir.
- Hvort óhöpp hafi orðið
Engin óhöpp hafa verið tilkynnt eða skráð.

25. júní 2012

Helga Hreinsdóttir

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.